



Stefnumótun

Landssamtaka lífeyrissjóða

Desember 2005

Íslenska lífeyrissjóðakerfið - styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri og verkefni.

Styrkleiki íslenska lífeyrissjóðakerfisins felst í meginatriðum í þremur þáttum.

Í fyrsta lagi byggir íslenska lífeyrissjóðakerfið á almennri sjóðsöfnun, þ.e. hver og ein kynslóð ber ábyrgð á eigin lífeyri með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðanna. Sá þjóðhagslegi sparnaður sem felst í almennri sjóðsöfnun er mjög þýðingarmikill fyrir hagkerfið.

Í öðru lagi byggir íslenska lífeyrissjóðakerfið á lögbundinni almennri þátttöku allra starfandi manna að kerfinu. Allir launamenn eru því í raun virkir sjóðfélagar í lífeyrissjóðunum og enginn á því að þurfa að vera útundan við öflun eigin lífeyrisréttinda.

Í þriðja lagi byggir kerfið á samtryggingu sjóðfélaga sem felst í því að sjóðfélagar sameinast um að tryggja lífeyrisgreiðslur til æviloka og verja hvern annan fyrir tekjumissi ef óvænt áföll verða s.s. slys, veikindi eða ótímabært andlát.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur ýmsa aðra kosti m.a:

- Íslenska lífeyrissjóðakerfið er sanngjarnt kerfi að því leyti að réttindi ávinnast með greiðslu iðgjalda og réttindin eru tekjutengd.
- Kerfið er sveigjanlegt vegna samskiptareglna milli sjóða sem gerir það mögulegt að sjóðir með ólík réttindakerfi geta starfað saman.
- Aðilar vinnumarkaðarins (samtök atvinnurekenda og launafólks) hafa í sameiningu axlað ábyrgð á framþróun þess s.s. með auknum iðgjöldum til að treysta gjaldþol kerfisins.
- Ímynd lífeyriskerfisins er jákvæð og íslensku lífeyrissjóðirnir njóta almenns trausts hjá þjóðinni.
- Sjóðirnir veita góðar upplýsingar um áunnin réttindi sjóðfélaga og hefur öll upplýsingagjöf frá sjóðunum farið vaxandi á liðnum árum

m.a. með útgáfu fréttabréfa, fræðslubæklinga og með aðgang að vönduðum heimasíðum.

- Eignir lífeyrissjóðanna eru almennt traustar með góðri áhættudreifingu.
- Lán til sjóðfélaga eru góðir fjárfestingarkostir fyrir lífeyrissjóðina og sjóðfélaga. Lánin eru hagkvæm fyrir báða aðila að því leyti að sjóðirnir fá betri ávöxtun en á markaðsskuldabréfum og sjóðfélagar fá hagstæðari lán en hjá öðrum fjármálastofnunum.
- Styrkleiki sjóðanna liggur einnig í góðu eftirlitskerfi, bæði með ytri og innri endurskoðun sjóðanna og með tilkomu Fjármálaeftirlitsins.
- Þá er það styrkleiki fyrir lífeyrissjóðina að þeir starfa saman í einum öflugum hagsmunasamtökum, Landssamtökum lífeyrissjóða.

Það er hins vegar nokkurt áhyggjuefni hvað réttindakerfi lífeyrissjóðanna er mismunandi að gerð og uppbyggingu. Þróunin er sú að lífeyrissjóðir eru að færa sig úr jafnri réttindaávinnslu í aldursháð réttindakerfi. Eftir sem áður eru réttindakerfin flókin sem skapar oft og tíðum erfiðleika hjá sjóðfélögum við að átta sig á réttindaávinnslnni. Oft er um að ræða litla þátttöku sjóðfélaga á ársfundum og fræðslufundum lífeyrissjóðanna þó svo að fræðsluefni hafi farið vaxandi m.a. með tilkomu internetsins.

Lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir breyttum tryggingafræðilegum forsendum, svo sem lengri meðalævi sjóðfélaga, vaxandi örorkubyrði og lægri vöxtum á skuldabréfamarkaði, þegar litið er til lengri tíma. Lífeyrisloforð sjóðanna hafa oft á tíðum verið of mikil og ýmsar forsendur hafa breyst sem hafa haft veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindingar sjóðanna til framtíðar. Áhrif breyttra forsendna hafa mismunandi áhrif á skuldbindingar einstakra sjóða vegna ólíkrar kyn- og aldurskiptingar en ef ævilíkur 65 ára sjóðfélaga aukast um tvö ár þá

vaxa lífeyrisskuldbindingar um tæplega 7%. Lækkun á raunávöxtunarkröfu sjóðanna um 0,25% til framtíðar hefur í för með sér um 5% verri tryggingafræðilega stöðu og áhrifin af nýjum örorkulíkum auka skuldbindingar um 4,5%. Óvissuþættirnir geta því verið margir þegar kemur að tryggingafræðilegri athugun á heildarskuldbindingum og fjárhag einstakra lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir þurfa að vera með góða áhættudreifingu á eignum sínum því fjárfestingarumhverfi þeirra verður sífellt flóknara sem m.a. kemur fram í auknum sveiflum í ávöxtun þeirra.

Ofangreindir þættir kalla á færri og stærri lífeyrissjóði sem eru betur í stakk búnir að mæta flóknum heimi fjárfestingatækifæra og áhættudreifingar.

Eftir sem áður eru ýmis önnur úrræði og tækifæri fyrir lífeyrissjóðina. Möguleikar eru til aukinnar hagræðingar í rekstri þeirra og einnig er hægt að auka samskiptin við hinn almenna sjóðfélaga svo og sérfræðilekkingu starfsmanna sjóðanna. Við fjárfestingarákvarðanir þarf m.a. að kanna ýmsar nýjar leiðir svo sem fjárfestingar í fjárfestingarfélögum og fleiri nýjum eignaflokkum. Til að mæta vaxandi örorkulífeyrisbyrði er tækifæri fyrir sjóðina að koma að ýmiss konar starfsendurhæfingu m.a. með gerð þjónustusamninga við margvíslegar endurhæfingarstofnanir.

Þrátt fyrir skylduaðild sjóðfélaga að starfsgreinalífeyrissjóðum hefur samkeppni milli sjóða farið vaxandi á undanförunum árum t.a.m. með framboði viðbótarlífeyrissparnaðar. Samkeppnin felst m.a. í samanburði lífeyrissjóðanna varðandi fjárfestingarárangur og rekstrarkostnað. Allt þetta er af hinu góða og skerpri skilvirkni sjóðanna. Þá hefur aukin tölvutækni gerbreytt upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Ýmis tækifæri kunna

að felast í hugsanlegri endurskoðun á verkaskiptingu lífeyrissjóða og almannatrygginga í lífeyrismálum.

Framtíðarsýn

- **Meðalævi lengist, skuldbindingar aukast enn**
- **Lífeyrissjóðum fækkar áfram**
- **Sveigjanlegar lífeyrisgreiðslur og iðgjöld**
- **Lífeyrissparnaður eykst**
- **Meiri kröfur um upplýsingagjöf**
- **Meiri samkeppni milli lífeyrissjóða**
- **Fjarfestingarheimildir verða rýmkaðar**
- **Uppgjörsreglur breytast**

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni og er einn af hornsteinum íslensks þjóðfélags. Kerfið byggir á heilstæðri rammalöggjöf um lífeyrissjóðina þar sem m.a. er kveðið á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lágmarksréttindi og eftirlit með starfsemi sjóðanna.

Þegar horft er til framtíðar má fastlega búast við því að meðalævi sjóðfélaga lengist frá því sem nú er sem eykur lífeyrisskuldbindingar sjóðanna.

Margt bendir til þess að frekari þróun verði á sameiningu sjóða þannig að eftir nokkur ár verði starfandi mun færri sjóðir en nú er jafnvel á bilinu tíu til fimmtán sjóðir.

Með auknum viðbótarlífeyrissparnaði almennings gefst einnig möguleiki á sveigjanlegum lífeyrisgreiðslum. Ennfremur má búast við auknum sveigjanleika varðandi innborguð iðgjöld sjóðfélaga t.d að heimildir launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar verði auknar.

Þá mun lífeyrissparnaður af ýmsum toga að öllum líkindum aukast verulega á næstu árum því ljóst er að sú kynslóð sem nú er á vinnualdri mun gera meiri kröfur til lífsgæða þegar hún hættir launuðum störfum og fer að njóta uppsafnaðs lífeyrissparnaðar.

Meiri kröfur verða einnig gerðar til lífeyrissjóðanna um upplýsingagjöf en verið hefur bæði af hálfu hins opinbera og sjóðfélaga.

Búast má við að íslenskir lífeyrissjóðir verði fyrir vaxandi samkeppni af hálfu erlendra lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar í framtíðinni. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru í sterkri stöðu til að mæta slíkri samkeppni sem mun kalla á ýmsar nýjungar í starfsemi sjóðanna og fleiri afurðir.

Líklegt er að uppgjorsreglum lífeyrissjóðanna verði breytt í framtíðinni þannig að sem flestar eignir sjóðanna færist á markaðsvirði. Það auðveldar samanburð sjóðanna varðandi stöðu þeirra, ávöxtun og fjárfestingarárangur.

Í ljósi örrar þróunar á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis munu fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna að öllum líkindum verða rýmkaðar á næstu árum.

Allir þessir þættir sem móta starfsumhverfi lífeyrissjóðanna á næstu árum eru í senn spennandi og ögrandi verkefni fyrir starfsfólk sjóðanna og stjórnir þeirra. Hvernig til tekst fer síðan eftir árangri einstakra lífeyrissjóða og hæfni þeirra til að takast á við breytt umhverfi og framþróun á næstu árum.